

AUGLÝSING

um samning við Færeyjar um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu árið 2021.

Hinn 9. og 23. nóvember 2020 var með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn gengið frá samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2021. Samningurinn öðlaðist gildi til bráðabirgða 23. nóvember 2020. Alþingi heimilaði hinn 16. desember 2020, með þingsályktun nr. 10/151, ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu árið 2021.

a. Bréf utanríkisráðherra Færeyja til utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra Íslands.

Guðlaug Þór Þórðarson, utanríkisráðharri

Dagfesting: 9. nóvember 2020

Tygara ref.:

T-postur: utn@utn.is

Máltal.: 20/00717-2

Harra Uttanríkisráðharri,

Eg loyvi mér at vísa til samráðingar millum færoyska og íslenska fiskimálaráðharrarnar um fiskiveiðu í færoyskum og íslenskum sjógvi í 2021.

Eg havi skilt, at semja er um niðanfyrri standandi:

„Semja millum Ísland og Føroyar um fiskiveiði í íslenskum og færoyskum sjógvi í 2021

1. gr.

Veiðiheimildirnar hjá færoyskum nótaskipum í lodnuvertíðirnar 2020/2021 verða 30 túsund tons, um heildarlodnukvotan er meir enn 500 túsund tons. Er heildarkvotan 500 túsund tons ella minni, verður parturin hjá færoyskum skipum 5% av heildarkvotuni.

Loyvt er færoyskum skipum at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Verður heildarlodnukvotan minni enn 500 túsund tons, er loyvt at landa til matna uttan fyri Ísland ella at virka til matna um borð á færoyskum verksmiðjuskipum nøgd, sum svarar til $\frac{3}{4}$ av kvotuni hjá færoyskum skipum, sbr. 1. Grein. Verður heildarkvotan har aftur ímóti størri enn 500 túsund tons, er ikki loyvt at landa til matna uttan fyri Ísland ella at virka til matna umborð á færoyskum skipum meira enn $\frac{2}{3}$ av av færoysku kvotuni, sbr. 1. grein. Eftir 17. februar skal ikki meira enn $\frac{1}{3}$ av samlaðu færoysku kvotuni fara til matna uttan fyri Ísland ella verða virkaður til matna umborð. Eftir 17. februar fer nøgðin, ið loyvt er at landa til

matna uttan fyri Ísland og verða virkað til matna umborð, ikki undir 4.000 tons, hóast henda nøgd er størri lutfall enn $\frac{1}{3}$ av tí føroysku lodnukvotuni.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2020/2021 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í íslenskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fingnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslenskum búskaparøki í 2021. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslenskir myndugleikar áseta mest loyvda tal av skipum, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslenskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyskum sjógvi í 2021. Tó kunnu ikki fleiri enn 15 skip verða á svartkjaftaveiðu samstundis í føroyskum sjógvi. Føroyar skila sær rætt til at avmarka talið av íslenskum svartkjaftaskipum, um tað gerst ov trongt á fiskileiðunum. Eftir samráðingar við íslenskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda tal av skipum, sum kunnu veiða samstundis eftir norðhavssild.

4. gr.

Íslenskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2021.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslenskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslenskt skip um reiðskap og fiskileiðir. Íslenskt skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroyskt skip um reiðskap og fiskileiðir. Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð. Ísland fer at endurskoða ásetingarnar fyri avmarkingunum fyri føroyskt skip at fiska norðhavssild vestan fyri 11°30' vestur og 67° norður. Avgerðin verður tikin við støði í móguligari blanding av summargýtandi sild og norðhavssild í fiskiskapinum.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum. Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi. Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum, skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.“

Vinarliga

Uttanríkis- og mentamálaráðið

Jenis av Rana

landsstýrismaður í uttanríkis- og mentámálum

b. Bréf utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra Íslands til utanríkisráðherra Færeyja.

Hr. landstjórnarmaður,
Jennis av Rana
Uttanríkis- og menntamálaráðið
Tórshavn

23. nóvember 2020

Hr. landstjórnarmaður,

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar, dags. 9. nóvember sl., sem er svohljóðandi:
Ég leyfi mér að vísa til samtala milli sjávarútvegsráðherra Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu árið 2021.
Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

**„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu árið 2021.**

1. gr.

Veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni 2020/2021 verða 30 þúsund lestir enda verði leyfilegur heildaraflí a.m.k. 500 þúsund lestir. Verði leyfilegur heildaraflí minni en 500 þúsund lestir nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum.

Heimilt er færeyskum skipum að landa afla sínum til vinnslu á Íslandi. Verði leyfilegur heildaraflí minni en 500 þúsund lestir er heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum magn sem nemur allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Verði leyfilegur heildaraflí aftur á móti meiri en 500 þúsund lestir er eigi heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum meira en sem nemur $\frac{2}{3}$ hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Eftir 17. febrúar skal eigi meira en $\frac{1}{3}$ hluti af heildarkvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands eða verða tekinn til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum. Heimildin til að landa til manneldisvinnslu eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum eftir 17. febrúar fer ekki undir 4.000 tonn, þótt það magn nemi hærra hlutfalli en $\frac{1}{3}$ af loðnukvóta Færeyja.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2020/2021 að veiða allt að 10 þúsund lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenkskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Íslands árið 2021. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja árið 2021. Eigi skulu fleiri en 15 skip stunda veiðar á kolmunna samtímis innan lögsögu Færeyja. Færeyjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipanna enn frekar til að forðast öngþveiti á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðar á norsk-íslenskri síld stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 tonnum af makríl á ári innan fiskveiðilögsögu Færeyja árið 2021.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða. Ísland mun endurskoða forsendur reglna varðandi takmarkanir færeyskra skipa við síldveiðar vestan 11°30' vestur og sunnan við 67° norður. Við endurskoðunina verður tekið tillit til mögulegrar blöndunar sumargotssíldar og norsk-íslenskrar síldar við veiðarnar.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila. Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta. Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er út úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ofangreint er skilningur minn og tekur samningurinn gildi til bráða-
birgða í dag og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands
um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllt,

Guðlaugur Þór Þórðarson,
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra

C-deild – Útgáfud.: 31. október 2022